

Stöðluð tölvumeðhöndlun fyrir safn veður- og rennslisgagna

Kristinn Einarsson

Greinargerð KE-82/02

GREINARGERÐ

STÖÐLUD TÖLVUMEDHÖNDLUN FYRIR SAFN

VEÐUR- OG RENNSLISGAGNA

Kristinn Einarsson

KE-82/02

Júní 1982

1.0 INNGANGUR

Á undanförnum árum hefur verið að mótast viss regla í meðhöndlun á gögnum um rennsli og veður hjá Vatnsorkudeild Orkustofnunar samhliða mjög örri þróun í tölvuvæðingu stofnunarinnar. Jafnframt hefur aukist samhliða úrvinnsla rennslis- og veðurgagna t.d. við gerð rennslislíkana og við aðrar athuganir á sambandi veðurs og rennslis. Þótti sýnt strax í upphafi að nauðsyn bæri til að gögnin væru geymd á stöðluðu formi, þannig að meðhöndlun þeirra væri örugg og sveigjanleg, en þess samtímis gætt að þau tækju sem minnst rými og að fljótlegt væri að nálgast þau.

2.0 STAÐLAÐAR GAGNASKRÁR

Sú leið sem farin hefur verið í að staðla gögnin er að geyma sólarhringsgildi hvers veður- eða rennslispáttar frá hverri mælistöð hvert almanaksár í sérstakri skrá. Nafn skrárinnar er lykill að innihaldi hennar.

Skrárnar eru á "direct-access"-formi og án formats. Hver færsla er tvö orð (fjórir bitar) og er tekið frá rými fyrir 367 færslur í hverri skrá eða allt að 366 gildi auk endafærslu, sem er talan 999999. Í stað eyða er skrifað -999., þar sem þær koma fyrir.

3.0 MEÐHÖNDLUN GAGNA

Á meðfylgjandi yfirliti er sýnt flæði rennslis- og veðurgagna gegnum nokkur af þeim forritum, sem gerð hafa verið til meðhöndlunar á þeim fyrir hin ýmsu not og úrvinnslumöguleika.

Um ýmsar leiðir er að velja, svo sem sjá má, og er aðeins hluti þeirra sýndur hér.

Nauðsynlegt hefur reynst að gera mörg forrit sem millilið yfir í stöðluðu skrárnar, sakir þess að formið á frumgögnum um sólarhringsgildi hefur breyst á síðustu árum. Síðan eru til mörg forrit til úrvinnslu á þeim skrá, hægt er að tengja þær saman á langveginn og þverveginn, velja úr ákveðin tímabil ársins og meðhöndla sérstaklega eða finna meðaltöl yfir ákveðið tímabil. Ennfremur er hægt að skrifa gildin í töflur til útprentunar eða teikna línurit þeirra á tölvuteiknivél.

Ýmis tölfræðileg úrvinnsla er að sjálfsögðu möguleg.

Flæðiritið gefur nöfn þeirra forrita sem notuð eru og skýrir í fáum orðum til hvers þau eru ætluð. Höfundar að þeim eru ýmsir starfsmenn Orkustofnunar, nema hvað forritin DISKET og DITTO til yfirfærslu á skrá af IBM formi yfir á DIGITAL form, á seguplötum eða böndum, eru fengin frá Reiknistofnun Háskóla Íslands.

Flæðirit yfir meðhöndlun rennslis- og veðurgagna

DISKET/DITTO

Rennslis/vatnshæðarskrár
Vatnamælinga Orkustofnunar
á frumformi hjá SKÝRR

Veðurskrár
Veðurfarsdeildar Veðurstofunnar
á frumformi hjá SKÝRR
a) veðurfarsstöðvar
(80 stafa sólarhringsfærslur)
b) úrkomustöðvar
(73 eða 78 stafa færslur)
c) nýtt form 1981
(700 stafa færslur)

VHMEX

a)FAEBRE/SOLEX eða YFIRGT
b)URKEX
c)VEDEX

Staðlaðar rennslis-, vatnshæðar- og veðurskrár.
Sérskrá fyrir hvern mældan þátt(X) á hverri stöð(yyy),
dagsgildi í eitt ár(zz). Nafn skrárinnar, Xyyyzz.DAT,
er lykill að innihaldinu:

X - A: lágmarkshiti í Celsiusgráðum
X - B: hámarkshiti í Celsiusgráðum
X - E: gnóttargufun (reiknuð skv. Penman) í mm
X - H: meðalhiti í Celsiusgráðum
X - K: vindhraði í m/s
X - Q: rennslí í m³/s
X - U: úrkoma í mm
X - W: vatnshæð í m

T.d. H89977.DAT er skrá yfir dagsmeðalhitann á veðurstöð
nr.899 (Búrfell) árið 1977.

MOMEAN og ARSUM

Mánaðar(meðal)gildi, staðalfrávik og árgildi einstakra þátta.

KLDATA

Sameining stöðluðu skráanna yfir lengri tíma og val þátta í dálka.
Ýmis not, t.d. í rennslislíkön eða tölfræðilegar athuganir.

VATNSA - PKLDAT - DREIFA
Úrvinnsla á viku- og vatns-
ársgrunni, dreifing rennslis.

a) VRMEX eða c) VRM700 - VARMTF
Úrvinnsla á frumskrá úr
DISKET/DITTO til varmataps-
reikninga ofan Búrfells

VHM2V - PDATA - PREFUR - REFUR
Úrvinnsla á tveggja vikna og
vatnsársgrunni (29.febr. og
31. ág. sleppt) til nota við
virkjanaeftirlíkingar.

TEMPAN - FFTRAN/FTRANI
Normun á veðurskrá með mánaðar-
gildum og Fouriergreining upphaf-
legra og normaðra gilda, tvær
leiðir.

4.0 MILLIFÆRSLA VEÐURGAGNA

Á meðfylgjandi töflu og mynd er gefið yfirlit um þau veðurgögn frá Veðurstofu Íslands, sem færð hafa verið fram að þessu yfir á tölvu Orkustofnunar. Um er að ræða sólarhringsgildi viðkomandi veðurþátta á veðurstöðvum sem hafa mikið gildi vegna gerðar rennslisspáa og könnunar á sveiflum veðurs og rennslis.

Svo sem fram kemur í töflunni ná gögnin oftast aftur til ársins 1964 (1. október). Þó eru til gögn frá Reykjavík sem ná aftur til ársins 1949. Unnið er að því um þessar mundir hjá Veðurstofunni að villuleita gögn áranna milli 1960 og 1970. Ennfremur er unnið að götun eldri gagna frá Hallormsstað og Teigarhorni. Bætist þá væntanlega framan við gögn í vörslu Orkustofnunar í samræmi við það. Ennfremur hefur Orkustofnun gerst áskrifandi að nýjum gögnum frá og með árinu 1981 frá völdum stöðvum, en um áramótin 1980/1981 voru gerðar róttækar breytingar á skeytaformi, skeytamóttöku og gagnavinnslu Veðurstofunnar í samræmi við nýja tækni.

Veðurgögn þau sem getið er í þessu yfirliti ná því yfirleitt til ársloka 1980. Bætt verður við gögnum jafnóðum og þau berast og nær það til mikils hluta stöðvanna.

Veðurgögnin eru í vörslu Verk- og vatnafræðideildar innan Vatnsorkudeildar og eru ekki látni þrjú aðila í té án vitundar og vilja Veðurstofu Íslands.

Yfirlit yfir veðurgögn frá Veðurstofu Íslands

sem til eru á tölvu Orkustofnunar í júní 1982.

(Yfirleitt til ársloka 1980.)

| Veðurstöð | Nr. | Frá | Ath.frá |
|----------------------------|--------|------|---------|
| ----- | --- | --- | ----- |
| Akureyri | 422 | 1964 | 1881 |
| Barkarstaðir | 315 | 1964 | 1950 |
| Brú | 542 | 1970 | 1957 |
| Búrfell | 899 | 1970 | 1970 |
| Ellidaárstöð, * 67-79 | 020 | 1964 | 1922 |
| Eyrarbakki | 923 | 1964 | 1923 |
| Eyvindará | 570 | 1964 | 1964 |
| Fagurhólsmýri | 745 | 1964 | 1903 |
| Gjögur | 295 | 1971 | 1971 |
| Grímsey | 404 | 1964 | 1874 |
| Grímsstaðir | 495 | 1964 | 1907 |
| Hallormsstaður | 580 | 1964 | 1937 |
| Hamranes, * 78-79 | 013 | 1978 | 1978 |
| Hjaltabakki | 340 | 1967 | 1967 |
| Hólar í Hornafirði | 710 | 1964 | 1921 |
| Hólmur | 030 | 1964 | 1961 |
| Hvallátur | 222 | 1964 | 1947 |
| Hveravellir | 892 | 1965 | 1965 |
| Hæll | 907 | 1965 | 1932 |
| Höfn í Hornafirði | 705 | 1965 | 1965 |
| Jaðar | 902 | 1964 | 1956 |
| Kirkjubæjarklaustur | 772 | 1965 | 1926 |
| Kjörvogur, 64-71 | 290 | 1964 | 1934 |
| Kvígindisdalur | 224 | 1964 | 1927 |
| Lambavatn | 220 | 1964 | 1922 |
| Loftsalir/Vatnsskarðshólar | 801/02 | 1965 | 1939 |
| Mosfell, * 65-76 | 051 | 1965 | 1965 |
| Mýri | 462 | 1970 | 1956 |
| Möðrudalur | 490 | 1976 | 1944 |
| Nautabú | 366 | 1964 | 1945 |
| Raufarhöfn | 505 | 1964 | 1920 |
| Reykir í Ölfusi | 957 | 1971 | 1971 |
| Reykjavík | 001 | 1949 | 1920 |
| Rjúpnahæð, * | 025 | 1964 | 1958 |
| Sandbúðir, 73-78 | 449 | 1973 | 1973 |
| Sámsstaðir | 846 | 1964 | 1927 |
| Seyðisfjörður | 615 | 1964 | 1920 |
| Sigalda, 73-79 | 886 | 1973 | 1973 |
| Stardalur, * | 070 | 1964 | 1963 |
| Straumsvík | 012 | 1970 | 1970 |
| Stykkishólmur | 178 | 1964 | 1845 |
| Suðureyri | 248 | 1964 | 1921 |
| Teigarhorn | 675 | 1964 | 1874 |
| Torfufell | 426 | 1970 | 1969 |
| Vestmannaeyjar | 815 | 1964 | 1921 |
| Víðistaðir, 64-68 | 010 | 1964 | 1933 |
| Vífilsstaðir, * | 015 | 1964 | 1963 |
| Þingvellir | 945 | 1964 | 1934 |
| Æðey | 260 | 1964 | 1946 |

* Úrkomustöð

